

**Nd.**

## **55. Breytingartillögur**

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá Bjarna Bjarnasyni, Gísla Sveinssyni og Pálma Hannessyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málbla, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum 100--10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.